

Erindi til Fjölskylduráðs Norðurþings

Húsavík 3. ágúst 2022

Umsókn um styrk til kaupa á kraft-plötum

Kraftplötur (e. Force Plates) eru mælinga- og greiningartæki sem í auknum mæli eru notuð af fremstu íþróttaliðum heims við árangursmælingar, greiningu á meiðslahættu og mati á endurkomu eftir meiðsli íþróttafólks á öllum aldri.

Von stjórna knattspyrnu- og blakdeilda Völsungs er að hægt sé, með stuðningi Fjölskylduráðs, að fjárfesta í kraftplötum í samstarfi við Björn H. Sveinsson styrktar- og sjúkrapjálfara. Björn hefur skoðað nokkrar týpur af kraftplötum og koma plötur frá Vald Performance best út í samanburði. Þær eru tengdar hugbúnaði í spjaldtölvu sem greinir sjálfkrafa um hvers konar hreyfingu er að ræða, þ.e. hopp, hnébeygju, hopp á öðrum fæti, armbeygjur o.s.frv. og því er hægt að prófa marga iökendur á stuttum tíma samanborið við aðrar kraftplötur. Niðurstöður birtast sjálfkrafa í hugbúnaðinum þar sem hægt er að sjá þróun iökenda yfir tíma sem og greina mismun á styrk milli hliða sem getur verið mikilvægt eftir meiðslí eða í fyrirbyggingu meiðsla.

Notkun kraft platnanna er mismunandi eftir aldri og stigi iökenda. Iökendur á efsta stigi yrðu prófaðir á 2-4 vikna fresti yfir undirbúningstímabil og 1-2 vikna fresti á keppnistímabilum. Yngri iökendur fengju prófanir að hausti, vetri og vori til að meta árangur af styrktar og sprengikraftspjálfun auk þess sem hægt er að greina misræmi í styrk milli hliða líkamans og leiðbeina þeim með æfingar til að fyrirbyggja meiðslu.

Björn hefur fengið tilboð frá Vald Performance í kraftplötur, tösku til að flytja þær með í æfingaferðir og sendingu til Húsavíkur. Tilboðið hljóðar upp á 3 greiðslur á þremur árum.

Fyrsta ár:

- Kraftplötur 1/3: 2544 evrur (ca. 353.500 kr.)
 - Taska: 280 evrur (ca. 39.000 kr.)
 - Sending: 260 evrur (ca. 36.500 kr.)
 - **Samtals 3084 evrur (ca. 430.000 kr.)**

Annað ár:

- Kraftplötur 2/3: 2544 evrur

Þriðja ár:

- Kraftplötur 3/3: 2544 evrur

Samanlagt 8172 evrur (ca. 1.140.000 kr.)

Stefnt er að því að Völsungur geti séð um fyrstu greiðsluna (430.000 kr.) með aðkomu Fjölskylduráðs. Björn muni sjá um greiðslur tvö og þrjú (samt. 707.000 kr.). Plöturnar verða í eigu og umsjón Björns en sammingur um nýtingu beirra án endurgjalds fyrir knattspyrnu- og blakdeild Völsungs, sem og annara deilda Völsungs verði þess óskað, verður undirritaður við pöntun. Sótt er um styrk fyrir fjármögnum fyrsta árs (**430.000 kr.-**) til Fjölskylduráðs að eins miklu leyti og mögulegt er.

F.h. knattspyrnu- og blakdeildar Völsungs ásamt Barna- og unglingsaráða deildanna

Ingrar Björn Gudlaugsson	020688-2469
Pálmur Hafnar	190178-4399
Líður Kristin	310369-3220
Ragnar Þórmarsson	190480-3489
Jónas Þorvald	